

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B18-21

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 18-21

Nr. 173-212

2005

Efnisyfirlit B 18–21 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
173	8. feb.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	209
174	8. feb.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	210
175	8. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum	211
176	4. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum	211-212
177	10. feb.	Samþykkt um fráveitur í Húnabingi vestra	212-214
178	11. feb.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	215
179	31. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða, nr. 326 20. júní 1996	216
180	2. feb.	Gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi	216
181	1. feb.	Samþykkt um fráveitur í Snæfellsbæ	217-218
182	2. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspar, nr. 892 10. desember 1999	219
183	1. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Djúpavogshreppi ..	219-220
184	3. feb.	Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi	220
185	1. feb.	Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar	221-222
186	31. jan.	Auglýsing um skrá Bláskógabyggðar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	223
187	4. feb.	Reglugerð um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins	223-224
188	3. feb.	Gjaldskrá Akureyrarbæjar fyrir ýmis gjöld skv. skipulags- og byggingarlögum	224-226
189	4. feb.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi og um deiliskipulag frístundabyggða í Grímsnes- og Grafningshreppi	226
190	31. jan.	Auglýsing um skrá Ísafjarðarbæjar samanber 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna ...	227-228
191	8. feb.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ	228
192	1. feb.	Auglýsing um skrá Grindavíkurbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	228
193	8. feb.	Auglýsing um deiliskipulag í Stykkishólmi	229
194	8. feb.	Auglýsing um deiliskipulag í Ásahreppi	229
195	31. jan.	Reglur um breytingar á reglum nr. 389/2004 um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám á vормisseri 2005 á 1. námsári í hjúkunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri	230
196	9. feb.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Flensborg“ í Hafnarfirði	230
197	10. feb.	Auglýsing um skipulagsmál í Mosfellsbæ	230-231
198	31. jan.	Gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ	232-233

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 2005

8. febrúar 2005

209

Nr. 173

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Hraunteigur 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 12. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hraunteig 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagötusvæði, Lindargata 60.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 26. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötusvæði, vegna lóðarinnar Lindargötu 60.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bústaðahverfi, Hólmgarður 22 - 46.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 26. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bústaðahverfi vegna Hólmgarðs 22 - 46.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skeifan - Fenin, Grensásvegur 11.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifuna - Fenin vegna Grensásvegar 11.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 8. febrúar 2005.

e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Deiliskipulag Vallarselsreits vegna raðhúsa við Vallarbraut.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. janúar 2005, var samþykkt deiliskipulag á Vallarselsreit á Akranesi.

Deiliskipulagið er nýtt og er ætlað fyrir íbúðalóðir og lóð fyrir leikskóla. Svæðið afmarkast af Skarðsbraut, Vallarbraut og göngustíg norðan Garðabrautar.

Innan deiliskipulagssvæðisins eru lóðirnar Skarðsbraut 6 (lóð leikskólans Vallarsels) og raðhúsalóðirnar Vallarbraut 2, 4, 6, 8, 10, 12 og 14.

Framangreint deiliskipulag var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 8. febrúar 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 2005

8. febrúar 2005

211

Nr. 175

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 960, 6. desember 2004,
um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum.**

1. gr.

1. málslíður 3. mgr. 4. gr. orðast svo: Skulu tillögur sveitarfélaga um þessar reglur sendar ráðuneytinu.

2. gr.

Í stað: „sveitarfélagi“ í lokamálslið 1. mgr. 5. gr. komi: byggðarlagi.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stöð í 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. febrúar 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

4. febrúar 2005

Nr. 176

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum,
með síðari breytingum.**

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Vörugjald skal falla niður af bifreiðum, sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalýftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að bifreiðin verði

skráð eign ríkis, sveitarfélaga eða stofnana þeirra eða hins fatlaða sjálfs. Þó er heimilt ef hinn fatlaði er barn að skrá bifreiðina á forráðamann barnsins.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 4. febrúar 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

SAMÞYKKT

um fráveitur í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur á þéttbýlisstöðum í Húnaþingi vestra, Hvammstanga, Laugarbakka og á Reykjaskóla í Hrutafirði, þar sem reknar eru fráveitur í eigu Húnaþings vestra. Fráveita Húnaþings vestra er B-hluta fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins og eru allar lagnir fráveitunnar, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna eign hennar. Sömuleiðis allur fráveitubúnaður, brunnar, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

Um fráveitur.

2. gr.

Sveitarsjóður kostar rekstur fráveitu Húnaþings vestra samkvæmt 1. gr. og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega til þess fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs. Tæknideild Húnaþings vestra fer með umsón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu Húnaþings vestra í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveita Húnaþings vestra veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

4. gr.

Þar sem fráveita Húnaþings vestra er fyrir hendi, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tæknideild Húnaþings vestra ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólþ nr. 798/1999.

6. gr.

Sérhver eigandi fasteignar á starfssvæði fráveitu Húnaþings vestra skal leggja og kosta fráveitulagnir frá húseign sinni og lóð að lóðarmörkum, í samræmi við lóðaruppdrátt, byggingarskilmála eða önnur fyrirmæli sem gefin eru.

7. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu Húnaþings vestra skal sækja um það til tæknideildar Húnaþings vestra. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknunum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu Húnaþings vestra.

8. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu Húnaþings vestra séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

9. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki. Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settum samkvæmt þeim.

10. gr.

Þar sem hættu er talin á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráræslagnir frá húseigendum vegna ofanvatns eða hárrar grunnvatnsstöðu skulu húseigendur koma fyrir á sinn kostnað sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

Um fráveitugjald.

11. gr.

Sveitarfélagið innheimtir stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið er ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

12. gr.

Af þeim fasteignum í Húnaþingi vestra sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða gjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

13. gr.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

14. gr.

Gjaldið greiðist af skráðum eiganda fasteignar, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

15. gr.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera herra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Einnig er sveitarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækun til tekjulíftilla elli- og örorkulífeyrisþega.

16. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vatnalögum nr. 15/1923. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

17. gr.

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 10. febrúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 2005

11. febrúar 2005

215

Nr. 178

AUGLÝSING um deiliskipulag á Akranesi.

Deiliskipulag Flatahverfis, klasi 5-6.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. janúar 2005, var samþykkt deiliskipulag klasa 5-6 í Flatahverfi á Akranesi.

Deiliskipulagið er nýtt og gerir ráð fyrir heillegri og fjölbreyttri byggð fjölbýlis- og sér-
býlishúsa. Auk íbúðarbyggðarinnar er gert ráð fyrir lóð undir verslunar- og þjónustuhúsnaði,
leikskóla, sparkvöll og opin leiksvæði innan klasans.

Framangreint deiliskipulag var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr.
73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 3-4 (Tindaflöt 2-8).

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. janúar 2005, var samþykkt
deiliskipulagsbreyting í klasa 3 og 4 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að á lóð nr. 2-8 við Tindaflöt er byggingarreitur vegna stíga húsa
stækkaður, íbúðum fjölgar úr 35 í 37 og byggð verður neðanjarðarbilgeymsla með 22 bíla-
stæðum.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags-
og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög
mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 11. febrúar 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 2005

Nr. 179

216

31. janúar 2005

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða,
nr. 326 20 júní 1996.**

1. gr.

3. tölul. 2. mgr. 13. gr. orðast svo: Í Noregi: Skráningaryfirvald.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. hjúskaparlaga nr. 31 14. apríl 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. janúar 2005.

Björn Bjarnason.

Ásgerður Ragnarsdóttir.

Nr. 180

2. febrúar 2005

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur innheimtir árlega fyrir tæmingu rotþróa samkvæmt gjaldskrá þessari og samþykkt sveitarfélagsins um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru nr. 106/2005.

2. gr.

Gjalddagar eru þeir sömu og fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 4.900 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 1. desember 2004 skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Borg, 2. febrúar 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

Gutenberg

SAMÞYKKT

um fráveitur í Snæfellsbæ.

1. gr.

Veitustofnanir Snæfellsbæjar starfrækja fráveitu í sveitarfélaginu, kosta rekstur hennar og framkvæmdir við hana.

Lóðareigendum og húsráðendum sem þar eiga hús að, eða í námunda við fráveitu í eigu Veitustofnana Snæfellsbæjar, er skylt að leggja á sinn kostnað fráveitu frá húsinu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi eða að lóðarmörkum eftir því sem styttra er. Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skolp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi einnig leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja. Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

2. gr.

Engum er heimilt að leggja fráveitulögn í aðalfráveitu nema með leyfi bæjarstjórnar og er mönnum skylt að lúta í einu og öllu fyrirmælum um gerð og legu fráveitna. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla á hverjum tíma.

3. gr.

Óheimilt er að veita skólpi í frárennsli er valdið getur skemmdum á fráveitukerfinu eða truflað rekstur þess. Þar er m.a. átt við eiturmengað, olíumengað, próteinríkt, fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn. Þar sem hætta er á að skolp innihaldi framangreind efni skal fara með slíkan úrgang samkvæmt reglugerð um spilliefni eða gera hann óskaðlegan áður en honum er veitt út í fráveitukerfið, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

4. gr.

Við nýbyggingar og breytingar á fráveitum í lóð er lóðarhafa skylt að leggja fram til samþykktar uppdrátt í tvíriti er sýni legu, halla, stærð og gerð fráveitna. Sá sem uppdrátt gerir skal undirrita hann með eigin hendi og ber hann ábyrgð á að hann sé í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt uppdrátt stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni byggingarfulltrúa, hitt eintakið skal liggja fyrir á byggingarstað. Ekki má hefja framkvæmdir við lagnir fyrir en samþykktur uppdráttur liggur fyrir.

Samþykki byggingarfulltrúa rýrir á engan hátt ábyrgð þess sem uppdráttinn gerir.

5. gr.

Þar sem fráveita bæjarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn um rotþrær, sem hlotið hafa viðurkenningu Umhverfisstofnunar, og siturlagnir. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

Húseigandi ber allan kostnað af lögnum þessum og viðhaldi, en bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við þær.

Rotþrær og frágangur þeirra skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð og reglugerð um fráveitur og skólp og teknar út af byggingarfulltrúa.

6. gr.

Kostnaður við hreinsun og viðhald fráveitukerfis á vegum Veitustofnana Snæfellsbæjar greiðist úr bæjarsjóði. Til að standa straum af þeim kostnaði, er bæjarstjórn heimilt að leggja

á sérstakt fráveitugjald, tengigjald við tengingu og árlegt fráveitugjald eða rotþróargjald, eftir því hvort á við, til bæjarsjóðs.

Um tæmingu á seyru úr rotþróum og úrgangi úr öðrum hreinsivirkjum skal fara samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rotþrær skal hreinsa og tæma að jafnaði þriðja hvert ár. Verði um tíðari hreinsun að ræða skal viðkomandi notandi standa straum af kostnaði við hana.

Stofn til tengigjalda er rúmmetrastærð húseignar, en til fráveitugjalda fasteignamat húsa og lóðar. Stofn til rotþróargjalds er að jafnaði stærð rotþróar.

Upphæð þessara gjalda skal ákveðin í gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og auglýsir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eigendur annarra fráveitna standa straum af kostnaði við viðhald, hreinsun og tæmingu þeirra.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með framkvæmd hreinsunar og ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

7. gr.

Fráveitugjöld samkvæmt 6. gr. greiðast af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinna skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Bæjarstjórn getur samþykkt að fella niður eða lækkað fráveitugjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 5. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sbr. lög nr. 137/1995.

9. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist fráveitugjaldið með fasteignasköttum.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 1. febrúar 2005.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999.

1. gr.

5. gr. liður 5.5.2, sbr. reglugerð nr. 513 7. júní 2004, orðast svo:

5.5.2 Jóker:

Vinningar ráðast af því hve margar útdregnar tölur þátttakandi fær miðað við rétta röð útdreginna talna þannig að,

fyrir 5 tölur réttar greiðast kr. 2.000.000

fyrir 4 fyrstu eða 4 síðustu tölur réttar greiðast kr. 100.000

fyrir 3 fyrstu eða 3 síðustu tölur réttar greiðast kr. 10.000

fyrir 2 fyrstu eða 2 síðustu tölur réttar greiðast kr. 2.000

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, sbr. lög nr. 126 16. desember 2003, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. febrúar 2005.

Björn Bjarnason.

Fanney Óskarsdóttir.

1. janúar 2005

Nr. 183

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Djúpavogshreppi.

Sorphirðugjald pr. tunnu kr. 8.000

Sorpeyðingargjald pr. tunnu kr. 7.000

Samtals fyrir eina tunnu á heimili kr. 15.000

Þeir sem hafa tvær eða fleiri tunnur á heimili greiða fyrir hverja tunnu.

Gjald fyrir móttöku á sorpi á gámasvæðinu:

<i>Tegund sorps</i>	<i>Kr./kg án vsk</i>	<i>Kr./kg með vsk</i>
Málmar og heimilistæki	6,08	7,57
Pappír, plastfólíur, dagblöð og tímarit	5,03	6,26
Mjólkurfernur, aðrar drykkjarumbúðir	5,03	6,26
Fatnaður og skór til RKÍ	0,00	0,00
Plastumbúðir, önnur plastefni	6,68	8,31
Veiðarfæri, net, línur og kaðlar	6,68	8,31
Timbur, húsgögn, hjólbarðar, gler o.fl.	6,68	8,31
Garðaúrgangur	3,38	4,21
Byggingaúrgangur og spilliefni	6,68	8,31
Annar úrgangur til urðunar	10,04	12,50

Gjaldskrá þessi, sem sett er á grundvelli samþykktar nr. 469/1999 um sorphirðu í Djúpavogshreppi, var samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi 21. desember 2004 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1051/2003.

Djúpavogi, 1. janúar 2005.

Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í Djúpavogshreppi með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu sveitarfélagsins, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 5. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi nr. 455/2003.

2. gr.

Þjónustu- og tæmingargjald samkvæmt 1. gr. skal vera sem hér segir:

<i>Stærð rotþróa í m³</i>	<i>Þjónustugjald kr.</i>
< 2,0 m ³	4.725
2,0 – 3,99 m ³	7.390
4,0 – 5,99 m ³	9.450

3. gr.

Álagning og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning og innheimta fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er af sveitarstjórn Djúpavogshrepps 2. febrúar 2005 að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands, er byggð á samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Djúpavogi, 3. febrúar 2005.

Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

- a) Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil kr. 565.
- b) Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 1.349.
- c) Vatnsgjald pr.rúmm. kr. 56,61

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns í Sparisjóði Ólafsfjarðar, Ólafsfirði, eða öðrum greiðslustöðvum gróseðla. Reikninga skal gefa út á miðju notkunartímabili, gjalddagi reikninga er útgáfudagur.

Eindagi er 20 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd á eindaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A)		kr.
1.	Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli	109.512
2. a.	Hús 300-2.000 rúmm. að utanmáli	109.512
	b. Fyrir hvern rúmm. umfram 300	101

- | | | |
|-------|---|---------|
| 3. a. | Hús stærri en 2.000 rúmm. að utanmáli | 272.976 |
| | b. Fyrir hvern rúmm. umfram 2.000 | 84 |
| 4. | Stofngjald fyrir hvern aðrennslisemil umfram einn á sama inntaki er | 21.263 |
- B) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmum og því um líku, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 rúmm. húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. 4. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1.780 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjálss aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 585, 1. júlí 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 1. febrúar 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um skrá Bláskógabyggðar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starf:

Sveitarstjóri
Skrifstofustjóri
Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar
Leikskólastjóri
Leikskólastjóri
Deildarstjóri
Forstöðumaður/matr.
Skólastjóri
Aðstoðarskólastjóri
Veitustjóri

Starfsstöð:

Skrifstofu Aratungu
Skrifstofu Aratungu
Þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar
Lind, Laugarvatni
Álfaborg, Reykholti
Íþróttamiðstöð Reykholti
Félagsheimilinu Aratungu
Grunnskóla Bláskógabyggðar, Reykholti
Grunnskóla Bláskógabyggðar, Laugarvatni
Þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar

Skrá þessi tekur þegar gildi.

F.h. Bláskógabyggðar, 31. janúar 2005.

Ragnar Sær Ragnarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eingreiðslu örorkubóta til slysatryggðra einstaklinga samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

2. gr.

Orkutap.

Ef orkutap er minna en 50% er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabil samkvæmt reglugerð þessari.

Örorkubætur greiðast ekki ef orkutapið er metið minna en 10%. Hafi hinn slasaði hlotið örorku vegna tveggja eða fleiri slysa sem bótaskyld eru samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga er heimilt að greiða bætur ef samanlögð örorka vegna slysa er 10% eða meiri. Sé samanlögð örorka 50% eða meiri greiðist örorkulífeyrir samkvæmt ákvæðum 1.-4. mgr. 29. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

3. gr.

Tímabil.

Bætur reiknast fyrir tímabilið frá því greiðslu dagpeninga lýkur, eða samkvæmt nánari tilgreiningu í örorkumati, og fram til 67 ára aldurs hins slasaða. Hafi slys ekki verið tilkynnt innan tilkynningarfrests og réttur til dagpeninga er fyrndur skal miða upphaf bóta við þann tíma þegar greiðslu dagpeninga hefði verið lokið ef slys hefði verið tilkynnt innan frests.

4. gr.

Reiknireglur.

Við núvirðisútreikning eingreiðslu samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal miða við dánartíðni árána 1996-2000 og 4,5% vexti á ári. Miða skal við tryggingaaldur hins slasaða (aldur í heilum árum). Við útreikning vaxta skulu taldir 30 dagar í hverjum mánuði og 360 dagar í ári. Vextir skulu höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. mgr. 29. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Reglugerðin gildir um slys sem eiga sér stað 1. janúar 2005 eða síðar. Frá gildistöku þessarar reglugerðar falla brott reglur nr. 551/2002 um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. febrúar 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

Akureyrarbæjar fyrir ýmis gjöld skv. skipulags- og byggingarlögum.

1. gr.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fohheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
1. Einbýlishús	74.590
2. Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	62.159 pr. íbúð
3. Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	52.213 pr. íbúð
4. Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	44.754 pr. íbúð
5. Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	37.295 pr. íbúð

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum:

	kr.
6. Gólflötur allt að 500 fermetrar	74.590
7. Gólflötur 500 – 1000 fermetrar	135.000
8. Gólflötur 1001 – 2000 fermetrar	200.000
9. Gólflötur 2001 – 5000 fermetrar	300.000
10. Gólflötur strærri en 5000 fermetrar	400.000

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
11. Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús, viðbyggingar allt að 20 fermetrar	31.079
12. Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar	43.511

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar	60.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttu	7.672
Endurnýjun leyfis án breytinga	5.480
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	12.604
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	12.604
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta	3.500
Framkvæmdaleyfi	12.604
Fyrir grenndarkynningu	35.621
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	21.921
Úttekt vegna leiguhúsnæðis	12.604

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2005 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2005 er 304,7 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 22/2003.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 14. desember 2004.

Akureyri, 3. febrúar 2005.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi og um deiliskipulag frístundabyggða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

a) Breyting á deiliskipulagi Borgar.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir skólahúsnaði á svæðinu.

b) Breyting á deiliskipulagi frístundalóðar, Kristínarkoti í landi Bíldsfells/Tungu.

Breytingin felst í að lóð Kristínarkots minnkar úr 32.000 fm í 2.500 fm.

c) Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar, Miðborgum í landi Miðengis.

Breytingin felst í að gönguleið frá Djúpahrauni 3 og 5 að Djúpahrauni 29 og 30 breytist í akbraut.

d) Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ásgarðs – Sogsbakkar.

Deiliskipulagið nær yfir um 34 ha lands þar sem gert er ráð fyrir 32 lóðum fyrir frístundahús.

Erindi þessi hafa fengið meðferð samkvæmt 25. gr. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 4. febrúar 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um skrá Ísafjarðarbæjar samanber 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Bæjarskrifstofa

Bæjarstjóri	1 staða
Bæjarritari	1 staða
Fjármálastjóri	1 staða
Launafulltrúi	1 staða
Forstöðumaður skóla- og fjölskylduskrifstofu	1 staða

Tæknideild

Forstöðumaður umhverfissviðs	1 staða
Forstöðumaður skipulagssviðs	1 staða
Umsjónarmaður fasteigna	1 staða

Áhaldahús

Bæjarverkstjóri	1 staða
Staðarverkstjórar Flateyri, Suðureyri, Þingeyri	3 stöður

Ísafjarðarhafnir

Hafnarstjóri	1 staða
Staðgengill hafnarstjóra	1 staða

Slökkvilið/sjúkraflutningar

Slökkviliðsstjóri	1 staða
Aðstoðarslökkviliðsstjóri	1 staða
Sjúkraflutningar	2 stöður

Heilbrigðismál

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, jafnframt forstm. sundhalla og íþróttahúsa	1 staða
--	---------

Hlíf I, Ísafirði

Forstöðumaður	1 staða
Þjónustudeild, deildarstjóri	1 staða
Þjónustudeild, sjúkraliði	1,7 stöður
Þjónustudeild, aðhlyning	6,4 stöður
Þjónustudeild, ræsting/þvottur	1 staða

Bókasafn

Forstöðumaður	1 staða
---------------	---------

Sorpbrennslan Funi

Forstöðumaður	1 staða
Staðgengill forstöðumanns	1 staða

Skrá þessi sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skal öðlast gildi við birtingu.

Ísafirði, 31. janúar 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Garðabæ. Deiliskipulagsbreytingarnar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi við Reynilund 10.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til suðurs.

Breyting á deiliskipulagi við Óttuhæð 1.

Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur er stækkaður til suðurs.

Ofangreindar skipulagsbreytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 8. febrúar 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um skrá Grindavíkurbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Listi yfir þá sem falla undir 5.–8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hjá Grindavíkurbæ:

Bæjarstjóri.	Skólastjóri grunnskóla Grindavíkur.
Fjármálastjóri.	Aðstoðarskólastjóri grunnskóla Grindavíkur.
Félagsmálastjóri.	Skólastjóri leikskólans í Laut.
Skólamálafulltrúi.	Forstöðumaður íþróttamannvirkja.
Deildarstjóri launadeildar.	Forstöðumaður Þrumunnar
Umsjónarmaður eigna.	Skólastjóri Tónlistarskóla.
Slökkviliðsstjóri.	Forstöðumaður bókasafns.
Slökkviliðsmenn, 19 menn.	Hafnarstjóri.

Skrá þessi tekur þegar gildi.

Grindavík, 1. febrúar 2005.

Jón Þórisson fjármálastjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Stykkishólmi.

Raðhúsabyggð við Borgarbraut.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms, þann 20. janúar 2005, deiliskipulag af raðhúsabyggð við Borgarbraut í Stykkishólmi.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 8. febrúar 2005.

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Lækjartún I-II.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Ásahrepps þann 20. febrúar 2001 samþykkt deiliskipulag frístunda- og íbúðarbyggðar að Lækjartúni I-II, Ásahreppi.

Deiliskipulagið tekur til íbúðarbyggðar á 5 lóðum og frístundabyggðar á 4 lóðum. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast deiliskipulagið þegar gildi.

Sauðholt I.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Ásahrepps þann 20. júlí 2004 samþykkt deiliskipulag íbúðar- og frístundabyggðar að Sauðholti I, Ásahreppi.

Deiliskipulagið tekur til lóðar fyrir íbúðarhús og útihús, auk 2 lóða fyrir frístundabyggð. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast deiliskipulagið þegar gildi.

Hárlausstaðir II.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Ásahrepps þann 17. ágúst 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar að Hárlausstöðum II, Ásahreppi.

Deiliskipulagið tekur til frístundabyggðar á 6 lóðum. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast deiliskipulagið þegar gildi.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Ásahrepps, 8. febrúar 2005.

Gísli Gíslason.

REGLUR

um breytingar á reglum nr. 389/2004 um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám á vormisseri 2005 á 1. námsári í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði á árinu 2005 við heilbrigðisdeild miðast við grunntöluna 41.

2. gr.

Reglur þessar, þannig samþykktar af háskólaráði 31. janúar 2005, skv. lögum nr. 40/1999, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt af háskólaráði, 31. janúar 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Flensborg“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Flensborg“ í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér stækkun á skólalóð Flensborgarskóla og gerður er nýr byggingarreitur fyrir stækkun skólans ásamt aukningu á bílastæðum. Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 9. febrúar 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalandarvegi að Húsadal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti eftirfarandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalandarvegi að Húsadal, þann 19. janúar 2005.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu á þrem svæðum.

- a. Við Ásbúð. Þar er um að ræða stækkun á viðbyggingarreit til norðurs. Eftir breytingu verður heimil viðbygging við bílskúr.
- b. Við Heiðabýli, Reykjabyggð. Eftir breytingu verður heimilt að skipta lóðinni í tvær sjálfstæðar lóðir með íbúðarhúsum.
- c. Við Árbakka við Bjargsveg. Eftir breytingu verður heimilt að skipta lóðinni í þrjár sjálfstæðar lóðir með íbúðarhúsum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu þessa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Deiliskipulag landspildu úr landi Miðdals, frístundalóð við Silungatjörn, þjóðskrárn. 9000-2150.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti eftirfarandi tillögu að deiliskipulagi landspildu úr landi Miðdals, frístundalóð við Silungatjörn, þjóðskrárn. 9000-2150, Mosfellsbæ, þann 8. desember 2004.

Spildan er 0,67 ha að stærð og heimild er fyrir því að reisa viðbótarhús á lóðinni. Heildarflatarmál húsa má vera allt að 110 m² auk 20 m² geymslu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu þessa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi Hraðastaða IV í Mosfellsdal, Hraðastaðavegur 3, 3a, 5, 7, 9 og II.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Hraðastaða IV í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 19. janúar 2005.

Breytingin felst í því að lóðinni nr. 3 er skipt í tvær lóðir nr. 3 og 3a.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir Hraðastaðaveg 13 í Mosfellsdal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir Hraðastaðaveg 13 í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. desember 2004.

Spildan er 11.510,6 m² að stærð og er heimild til byggingar á einu tveggja hæða íbúðarhúsi og einnar hæðar útihúsum.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 10. febrúar 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.

Vatnsgjald.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Gjalddagar.

3. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

Notkunargjald.

4. gr.

Notkunargjald er 16,03 kr./m³ miðað við vísitölu byggingakostnaðar 302,3 stig og breytist í byrjun hvers ársfjórðungs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Mælaleiga.

5. gr.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári, kr.</i>
að 20 mm	3.813
20-24 mm	5.085
25-31 mm	6.355
32-39 mm	7.627
40-49 mm	10.170
50-74 mm	30.509
75-99 mm	33.052
100 mm og stærri	35.594

Heimæðargjald.

6. gr.

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald, kr.</i>	<i>Yfirlengd, kr./m</i>
32 mm	114.678	2.461
40 mm	149.082	2.597
50 mm	201.260	2.734
63 mm	281.764	2.871
75 mm	394.470	3.008
90 mm	477.027	3.145

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

7. gr.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ísafjarðarbæ, 31. janúar 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um skrá Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

a. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

<i>Starf:</i>	<i>Stöðugildi:</i>
Hafnarstjóri	1
Slökkviliðsstjóri	1
Forstöðumaður dagvistar aldraðra	1

b. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-8. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

<i>Starf:</i>	<i>Stöðugildi:</i>
Bæjarstjóri	1
Bæjarritari	1
Launafulltrúi	1
Skipulags- og byggingarfulltrúi	1
Umhverfisstjóri	1
Leikskólastjóri	1
Aðstoðarleikskólastjóri	1

Skólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn 1
Aðstoðarskólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn 1
Skrá þessi tekur þegar gildi.

Ölfusi, 7. febrúar 2005.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

SAMÞYKKT

um fráveitu í Rangárþingi eystra.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Rangárþingi eystra og rotþrær.

II. KAFLI

Um fráveitur og rotþrær.

2. gr.

Rangárþing eystra starfrækir fráveitu, sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé í fjárhagsáætlun til reksturs og framkvæmda við hana.

Tækni- og umhverfissvið sveitarfélagsins fer með umsjón, framkvæmdir og rekstur fráveitu sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveita Rangárþings eystra veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veiti skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufrárási að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufrárási frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreina á holræsalögn. Tækni- og umhverfissvið sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina, ásamt tengikótum. Sveitarfélaginu er heimilt að tengja hús í þéttbýli við rotþrær ef kostnaðar- eða tæknilegar forsendur krefjast þess. Eru þær eign sveitarfélagsins og á ábyrgð þess.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau

við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins við lóðamörk skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

7. gr.

Í dreifbýli þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró skal sækja um það til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra, stærð og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 11. gr.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð, íslenskan staðal og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingarfulltrúi sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snrytilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Húseigandi annast allt viðhald fráræsis húsa og rotþróa á sinn kostnað, er skylt að halda þeim vel við og gæta þess að þær stíflist ekki. Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins.

Iðnaðarskólp sem veitt er í fráveitu sveitarfélagsins skal forhreinsað og getur sveitarfélagið sett fram viðmiðunarmörk vegna þess til að tryggja að tilskilin markmið náist, sbr. lið C í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

13. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, og ekki sjaldnar en annað hvert ár og skal húseigandi tryggja greiðan aðgang að þeim. Hreinsun fer fram á vegum sveitarfélagsins eða þess aðila sem falin er framkvæmd verksins og skal hann hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar til að annast verkið. Forstöðumaður umhverfis- og tæknisviðs sveitarfélagsins ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja góðan árangur.

14. gr.

Sveitarfélagið annast alla meðferð seyru í sveitarfélaginu í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum sem hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar að annast meðhöndlun seyru í umboði sveitarstjórnar.

15. gr.

Þar sem húseignir í dreifbýli liggja utan vega sem þola umferð hreinsibíla og ekki er kleift að koma þeim að rotþróum er tæming rotþróa á ábyrgð og umsjón húseigenda.

16. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráræsilagnir frá húseigendum vegna vatnsyfirborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðalokum við gölfniðurföll.

III. KAFLI

Um fráveitu- og rotþróargjald.

17. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

18. gr.

Af þeim fasteignum í Rangárþingi eystra sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

19. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

20. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af skráðum eiganda húsa eða annarra mannvirkja á leigulóðum og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjaldið innheimtist á sama hátt og önnur fasteignagjöld til sveitarfélagsins.

21. gr.

Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði.

22. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða útlagðan kostnað sveitarfélagsins vegna verksins. Gjald má aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Gjald þetta er sett í gjaldskrá skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldskrá er birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarfélagsins.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða.

23. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er sveitarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulfilla elli- og örorkulífeyrisþega.

24. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

25. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. janúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STARFSREGLUR

Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gegnir hlutverki sínu með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar, með hlutfjárfáttöku og lánnum með breytirétti í hlutafé. Einnig getur sjóðurinn tekið þátt í fjármögnun verkefna sem lúta að rannsóknum á starfsumhverfi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja á Íslandi.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins getur lagt fram hlutafé, veitt lán, ábyrgðir eða styrki.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur að leiðarljósi að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem vænta má mikils virðisauka og arðsemi af starfseminni og góðrar ávöxtunar fyrir Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hagnaði Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verður varið til uppbyggingar sjóðsins, frekari fjárfestingar í vænlegum nýsköpunarfyrirtækjum og rannsókna á starfsumhverfi þeirra.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skal leitast við að skilgreina starfssvið sjóðsins á hverjum tíma þannig að það tryggi sem best virkan markað áhættufjár frá viðskiptahugmynd til vaxtar.

2. gr.

Starfsemi.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skiptist í fjögur svið:

1. *Stofnsjóður*: Í stofnsjóði Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Tekjum af ávöxtun og öðru ráðstöfunarfé er varið til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Undir stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, deilda hans og sjóða.
2. *Framtakssjóður*: Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur með höndum umsjón og eftirlit með ráðstöfun eins milljarðs króna, sem ríkissjóður lagði til Framtakssjóðs en samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1997 sbr. lög nr. 92/2004 var ákveðið að andvirði sjóðsins renni í stofnsjóð innan tíu ára frá útboði á vörslu fjárisins.
3. *Vöruþróunar- og markaðsdeild - VÖMA*: Deildin veitir framlög til vöruþróunar- og markaðsaðgerða. Verkefnisstjórn VÖMA ráðstafar fé deildarinnar og getur í samráði við stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins ákveðið að árlegt ráðstöfunarfé sé ekki bundið við ávöxtun höfuðstóls deildarinnar. Kveðið er á um starfsemi deildarinnar í reglum sem stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins setur og viðskiptaráðherra staðfestir.
4. *Samstarfssjóðir með öðrum fjárfestum*: Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur heimild skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 61/1997 sbr. 2. gr. laga nr. 92/2004 til að leggja fé úr stofnsjóði í samstarfssjóði með öðrum fjárfestum allt að 30%.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins annast einnig rekstur tryggingardeildar útflutnings - TRÚ. Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis. Nánar er kveðið á um starfsemi deildarinnar í starfsreglum sem stjórnarnefnd TRÚ setur og fjármálaráðherra samþykkir.

VÖMA og TRÚ skulu aðgreind í bókhaldi og reikningum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Er þeim ætlað að standa undir kostnaði við rekstur sinn, og greiða stofnsjóði Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fjárhæð er samsvarar rekstrarkostnaði. Stofnsjóði er óheimilt að bera nokkurn kostnað af þessari starfsemi.

II. KAFLI

Stjórnun og rekstur.

3. gr.

Ábyrgð og hlutverk stjórnar.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skiptir með sér verkum og ákveður starfhætti sína og fundahöld. Skytt er að halda fund þegar a.m.k. tveir stjórnarmenn óska þess. Fundur er ályktunarhæfur ef þrír stjórnarmanna sækja fund. Að jafnaði skal boða fund með viku fyrirvara. Halda skal gerðabók.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. Hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins í samræmi við lög og reglur, mótar stefnu sjóðsins og fylgist með starfsemi hans og rekstri.
2. Ræður framkvæmdastjóra.
3. Setur almennar starfsreglur fyrir sjóðinn og leitar staðfestingar ráðherra á þeim.
4. Mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. Tekur ákvörðun um hlutfjárkaup, lánveitingar, verkefnafjármögnun og ábyrgðir. Stjórnin ákveður tryggingar og lánskjör að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra.
6. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um hlutfjárþátttöku, veitingu lána, og til verkefnafjármögnunar innan tiltekinna marka og eftir nánari reglum sem stjórnin setur. Slíkar heimildir skulu koma fram í starfsreglum sjóðsins og/eða í bókunum stjórnar.
7. Samþykkir rekstrar- og nýsköpunaráætlun til árs í senn að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra.
8. Tekur lokaákvörðun um allar meiriháttar aðgerðir.
9. Tekur ákvörðun um starfsmannastefnu að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra.
10. Ákveður að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra lántökur og leiðir til ávöxtunar á eigin fé sjóðsins.

4. gr.

Ábyrgð og hlutverk framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri skal tryggja stöðugleika og vöxt Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins þannig að sem mest arðsemi sé af starfsemiinni samhliða því að sjóðurinn uppfylli sem best lögbundnar skyldur sínar. Til að ná þessum markmiðum vinnur framkvæmdastjóri markvisst að því að styrkja stöðir sjóðsins með áherslu á gæði og fyrsta flokks vinnubrögð.

Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins samkvæmt umbodni stjórnar og ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum sjóðsins. Hann er ábyrgur fyrir áætlanagerð. Hann ábyrgist að ekki sé vikið frá áætlunum nema fyrir liggja samþykki stjórnar. Hann framfylgir ákvörðunum stjórnar og gefur stjórn þær skýrslur sem hún óskar eftir. Framkvæmdastjóra er óheimilt að leyna stjórnina neinu því sem varðar rekstur og eignir sjóðsins.

Framkvæmdastjóri er yfirmaður allra annarra starfsmanna sjóðsins.

Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Almenn stjórnunarverkefni framkvæmdastjóra eru m.a.:

1. Að fylgja eftir ákvörðunum stjórnar. Framkvæmdastjóri hafi frumkvæði að því að upplýsa stjórnina um öll mikilvæg málefni, sem skipta starfseminu máli.

2. Að fylgjast með lögum og reglum sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins og upplýsa stjórn um þau.
3. Ráðning starfsmanna og starfsmannamál s.s. stjórnun, hvatning, samhæfing og frammi-
stöðumat. Gerð og viðhald starfslýsinga.
4. Umsjón með gerð og viðhaldi fjárfestingarhandbókar, ferlum fyrir fjárfestingar og
endurfjárfestingar, flokkunar og matskerfi einstakra fjárfestinga.
5. Stýrir fjárfestingarráði sjóðsins.
6. Umsjón með undirbúningi ársfundar og ársskýrslu.
7. Fjárhagsleg og rekstrarleg staða, m.a. með mánaðarlegu yfirliti.
8. Yfirumsjón með allri áætlanagerð.
9. Mótun gæðastefnu.
10. Undirbýr og boðar stjórnarfundu í samráði við stjórnarformann og skv. fundaáætlunum.
11. Undirbýr, boðar og stjórnar starfsmannafundum.
12. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins gagnvart
fjölmíðlum og ýmsum öðrum aðilum í ytra umhverfi sjóðsins.
13. Tengsl við viðskiptavinum.
14. Seta í nefndum og stjórnun á vegum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skv. ákvörðun stjórnar.

Framkvæmdastjóri sér um að eftir lok hvers starfsárs séu teknar saman tölulegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins sem feli í sér samanburð á áætlunum og rauntölum vegna viðkomandi árs. Upplýsingar þessar skulu kynntar stjórn.

5. gr.

Heimildir framkvæmdastjóra til afgreiðslu mála.

Framkvæmdastjóra er heimilt að taka ákvörðun um að hafna einstökum fjárfestingartækifærum, lánsbeiðnum og verkefnum sem sjóðurinn hefur til umfjöllunar hverju sinni, telji hann þau ekki uppfylla þau skilyrði sem fram koma í lögum, stefnu eða starfsreglum sjóðsins.

Framkvæmdastjóra, er heimilt að taka ákvörðun um þátttöku sjóðsins í einstökum félögum með hlutfjárframlagi upp að 5 milljónum króna, án þess að leggja málið fyrir stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til samþykktar. Á sama hátt er framkvæmdastjóra heimilt með sömu skilyrðum að veita fyrirtækjum lán með breytirétti eða ábyrgðir að fjárhæð allt að 5 milljónum króna.

Framkvæmdastjóra er, í samráði við formann stjórnar, heimilt að taka ákvörðun um fjármögnun verkefna á vegum sjóðsins er lúta að rannsóknum og úrbótum á umhverfi nýsköpunar að upphæð 1,0 milljón króna án þess að leggja málið fyrir stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til samþykktar. Allar slíkar ákvarðanir skulu kynntar stjórn sjóðsins á næsta reglulega fundi stjórnarinnar eftir ákvörðun framkvæmdastjóra.

Heildarupphæð ákvarðana framkvæmdastjóra skv. þessari grein mega ekki nema hærra fjárhæð en 10 milljónum króna án þess að stjórn fjalli um þær.

Allar ákvarðanir framkvæmdastjóra skulu vera í samráði við fjárfestingarráð og í samræmi við fjárfestingarhandbók sjóðsins, ferla fyrir fjárfestingar og endurfjárfestingar og flokkunar- og matskerfi einstakra fjárfestinga. Ákvarðanir framkvæmdastjóra skulu kynntar og færðar til bókar á næsta reglulega fundi stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Starfsmannahald.

Framkvæmdastjóra skal falið að byggja upp umbunarkerfi gagnvart starfsmönnum sem felur í sér hvatningu tengda árangri þeirra í starfi. Slíkt umbunarkerfi skal lagt fyrir stjórn til umfjöllunar og samþykktar og skulu meginmarkmið þess endurskoðuð einu sinni á ári.

Árlega skal framkvæmdastjóri eiga starfsmannaviðtöl. Þar skal ræða starfið sjálft, starfsþróun, endurmenntun, samskipti og líðan á vinnustað, stjórnun, markmið og hvað eina sem varðar þætti er lúta að vinnustaðnum og starfinu. Ekki skal rætt um laun eða aðra umbun.

Árlega skal framkvæmdastjóri eiga markmiðs- og launasamtal við hvern starfsmann þar sem farið er yfir árangur síðustu 12 mánaða og skilgreind helstu markmið í starfi næstu 12 mánuði. Ræða skal um launa- og starfskjör starfsmannsins.

Árlega skal framkvæmdastjóri leggja fyrir stjórnarformann tillögu um hvort og hvaða umbun starfsmenn skulu njóta fyrir árangur sinn í starfi síðustu 12 mánuði, auk umsaminnna launa.

III. KAFLI

Síðareglur.

7. gr.

Síðareglur.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gætir ávallt fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum sínum. Telji sjóðurinn hættu á hagsmunaárekstrum milli sín og viðskiptavinar, greinir hann viðskiptavininum frá þessari hættu.

Stjórn og starfsmönnum er óheimilt að nýta sér beint eða óbeint upplýsingar þar sem sjóðurinn kann að öðlast, sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta. Óheimilt er að láta þriðja aðila í té upplýsingar nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldu þess sem upplýsingarnar veitir.

Stjórnarmönnum og starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf, sem taka til hagsmuna þeirra sjálfra, þar sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tengist málum eða mun fyrirsjáanlega tengjast málum. Endurskoðandi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur eftirlit með því að reglu þessari sé framfylgt og skal hann hafa fullan aðgang að upplýsingum um þau viðskipti sem reglan tekur til. Stjórnarmenn og starfsmenn skulu að eigin frumkvæði upplýsa endurskoðanda sjóðsins um öll þau tilvik sem vafi leikur á að samrýmist reglum þessum.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja þar sem þeir eiga hlut, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta. Sama gildir um þátttöku þessara aðila í meðferð máls er varða aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega. Framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum er þó heilmilt að taka þátt í meðferð mála er varða fyrirtæki sem þeir sitja í stjórn hjá eða eru í forsvari fyrir í störfum sínum fyrir hönd Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Stjórnendur, starfsmenn og aðrir þeir sem vinna fyrir sjóðinn eru bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem sjóðurinn annast eða hefur milligöngu um. Ennfremur eru þeir bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptavina sjóðsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þó skal veita upplýsingar sem þagnarskylda tekur til, úrskurði dómari að skylt sé að veita upplýsingarnar fyrir dómi, eða til lögreglu, eða skylda sé til að veita upplýsingarnar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan gildir þó ekki þegar viðskiptavinur heimilar skriflega að veita upplýsingar um mál sín. Þagnarskyldan helst þó látið sé af starfi fyrir Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins kappkostar að tryggja að upplýsingakerfi sjóðsins sé traust, þannig að utanaðkomandi aðilar geti ekki komist yfir upplýsingar um mál einstakra viðskiptavina.

IV. KAFLI
Fjárfestingarverkefni.

8. gr.

Tegundir fjárfestingarverkefna.

Innlend fjárfestingarverkefni. Með því er átt við innlend verkefni sem fela í sér nýjungar eða ný vaxtataekifæri.

Fjárfestingar innlendra aðila erlendis. Með því er átt við fjárfestingu innlendra fyrirtækja eða einstaklinga í starfandi fyrirtækjum eða nýjum atvinnurekstri erlendis.

Fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Með því er átt við atvinnurekstur hér á landi með umtalsverðri eignaraðild erlendra fyrirtækja eða einstaklinga og þátttöku þeirra í stjórnun rekstrarins.

9. gr.

Tegund fjármögnunar.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjármagnar fjárfestingarverkefni með hlutfjárframlagi, þ.e. kaupum á hlutabréfum. Við kaup á hlutfé skal meginreglan vera sú að gerður er hluthafasamningur.

Þegar ekki er talið mögulegt að mati stjórnar sjóðsins að taka þátt í verkefni með hlutfjárkaupum, eða sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, er sjóðnum heimilt að veita sérstök lán, svo sem lán með breytirétti í hlutfé eða lán með kauprétti hlutfjár. Skal þá gera sérstakan lánsamning þar sem meðal annars skal kveðið á um hlutdeild sjóðsins í ávöxtun af viðkomandi fjárfestingu, hugsanlegar tryggingar og um rétt sjóðsins til eftirlits og eða stjórnunarlegra áhrifa.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita ábyrgðir eða lán til þeirra fyrirtækja þar sem sjóðurinn hefur þegar fjárfest enda sé það liður í sameiginlegri ákvörðun meðfjárfesta um slíka fjármögnun. Slíkar ábyrgðir skal veita gegn gjaldi sem tekur mið af áhættu sjóðsins í verkefninu. Í samningum um ábyrgðarveitingar er heimilt að kveða á um rétt sjóðsins til eftirlits.

10. gr.

Stærðarmörk fjármögnunar.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins miðar við að verja ekki hærrí fjárhæð en sem nemur 10% af eiginfé stofnsjóðs til fjármögnunar einstaks verkefnis og ekki hærrí fjárhæð en sem nemur 15% til fjárfestingarverkefna á vegum eins aðila eða tengdra aðila.

Hlutdeild sjóðsins í fjármögnun hvers verkefnis skal ekki nema hærrí fjárhæð en sem nemur 49% af heildarfjármögnun viðkomandi verkefnis. Heimilt er við sérstakar aðstæður að víkja frá þessu skilyrði, en svo fljótt sem aðstæður leyfa skal minnka hlutinn þannig að hann verði innan settra marka.

Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í fjármögnun hvers verkefnis skal að öðru jöfnu miðast við að sjóðurinn fái stjórnunarleg áhrif.

11. gr.

Almenn skilyrði fjárfestingarþátttöku.

Almenn skilyrði fyrir þátttöku Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í fjárfestingarverkefnum eru þessi:

1. Þátttaka í verkefninu geti skilað sjóðnum viðunandi arðsemi í ljósi áhættu og staðið undir kostnaði við skoðun og þátttöku.
2. Samstarfsaðilar hafi fjárhagslegan styrk til að standa við sinn hlut í fjármögnun verkefnisins.

3. Samstarfsaðilar búi yfir nægri þekkingu, rekstrarreynslu, tæknilegri getu, hæfni og viðskiptatengslum.
4. Fjárfestingarverkefni sé vel skilgreint og afmarkað frá öðrum rekstri þeirra sem koma að verkefninu.
5. Heildarfjármögnun verkefnisins sé tryggð.
6. Fyrir liggja ítarleg viðskiptaáætlun og hægt sé að meta viðskiptalega og fjárhagslega áhættu á grundvelli hennar.
7. Fyrir liggja skilgreindir möguleikar sjóðsins til sölu á sínum hlut með hagnaði.
8. Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að setja að skilyrði fyrir þátttöku í fjárfestingarverkefni að tiltekins hlutfalls fjármagns sé aflað á almennum markaði.

12. gr.

Þátttaka í innlendum fjárfestingarverkefnum.

Hafa skal eftirtalin sjónarmið að leiðarljósi við mat á þátttöku í innlendum fjárfestingarverkefnum:

1. Hvort verkefnið feli í sér nýjungar eða ný vaxtatekifæri innlendra aðila.
2. Hvort verkefnið leiði til útflutningstækifæra og bættrar alþjóðlegrar samkeppnisstöðu innlendra aðila.
3. Hvort markmið um árangur eru vel skilgreind og mælanleg.

13. gr.

Þátttaka í fjárfestingum innlendra aðila erlendis.

Hafa skal eftirtalin sjónarmið að leiðarljósi við mat á þátttöku í fjárfestingum innlendra aðila erlendis:

1. Hvort fjárfestingin sé til þess fallin að greiða fyrir sókn og auka samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja og/eða skapi aukin umsvif í atvinnustarfsemi á Íslandi.
2. Hver sé þekking aðstandenda á staðháttum í fjárfestingarlandi, s.s. varðandi markaði, tæknistig, vinnumarkaði, skattamál, o.fl.
3. Hver séu viðhorf í fjárfestingarlandi til erlendar fjárfestingar og hvort reglur um fjármagnsflæði til og frá landinu eru viðunandi.
4. Hver sé þátttaka þarlendra aðila í fjármögnun verkefnisins, í formi áhættufjár og/eða lánsfjár.
5. Hvort markmið og árangur eru vel skilgreind og mælanleg.

14. gr.

Þátttaka í fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi.

Hafa skal eftirtalin sjónarmið að leiðarljósi við mat á þátttöku í fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi:

1. Hvort verkefnið stuðli að arðbærri nýtingu innlendra náttúru, menningar- og þekkingarauðlinda eða feli í sér yfirfærslu tækniþekkingar og öflun viðskiptatengsla.
2. Hvernig sé háttað þekkingu og viðskiptasamböndum, sem erlendi samstarfsaðilinn hefur fram að færa og framlagi hans við undirbúning og rekstur hinnar nýju starfsemi.
3. Hvort hinn erlendi aðili leggur fram umtalsvert nýtt fjármagn til verkefnisins, og jafnframt, hvort markmið hans og væntingar af verkefninu samrýmast markmiðum og væntingum annarra þátttakenda, þ.m.t. Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.
4. Hvort fyrir liggja viðskiptasamningar eða drög að þeim um helstu þætti fjárfestingarinnar, s.s. aðföng, orku, aðstöðu, tækniþekkingu og afsetningu afurða, sem séu í samræmi við rekstraráætlanir.

15. gr.

Málsmeðferð.

Við meðferð mála skal ávallt farið að reglum, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt, og fram koma í fjárfestingarhandbók Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og tilheyrandi ferlum fyrir fjárfestingar og endurfjárfestingar, ásamt flokkunar og matskerfi einstakra fjárfestinga.

Ákvarðanir um fjárfestingar skulu ávallt fara fyrir fjárfestingarráð sem skipað er framkvæmdastjóra og a.m.k. þremur sérfræðingum sjóðsins hverju sinni.

Eftirtalдар upplýsingar skulu m.a. liggja fyrir svo unnt sé að taka afstöðu til þátttöku sjóðsins í verkefni:

1. Lýsing á verkefninu, þ. á m. markmiðum, væntanlegum árangri, skipulagi, mörkuðum, dreifileiðum og stjórnun verkefnisins.
2. Upplýsingar um aðstandendur verkefnis, starfsemi þeirra, fjárhagsstöðu, þekkingu og reynslu af rekstri, og áætlaðan eignarhlut þeirra og viðskipti við hið nýja félag.
3. Sundurlíðun fjárfestingar og áætluð fjármögnun, skipting framlags aðstandenda.
4. Upplýsingar um helstu áhættuþætti, nauðsynleg leyfi, áhrif á umhverfi og tímaáætlanir.

Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins eru bundnir trúnaði um þær upplýsingar sem berast. Starfsmenn sjóðsins skulu, eftir því sem við á, skýra aðstandendum verkefnisins frá athugasemdum sem þeir hafa fram að færa varðandi fram komin gögn og áform og veita þá ráðgjöf og upplýsingar sem verkefninu kunna að gagnast.

Sé afstaða sjóðsins jákvæð á þessu stigi; þ.e. eftir að öll almenn gögn sem gerð er krafa um að fylgi beiðni um þátttöku í verkefni hafa borist, er unnt að hefja eiginlegt mat á verkefninu. Það felur þó ekki í sér neina skuldbindingu af hálfu sjóðsins um þátttöku. Grundvöllurinn að frekara mati á verkefninu er ítarleg viðskiptaáætlun. Farið skal af nákvæmni ofan í einstaka þætti hennar í nánu samstarfi við forsvarsmenn verkefnisins. Sjóðurinn áskilur sér rétt eftir atvikum til að leita ráðgjafar eða umsagnar utanaðkomandi aðila, í samráði við þá aðila er lögðu fram beiðni um þátttöku sjóðsins í verkefninu.

Sjóðurinn mun leitast við að hraða meðferð mála eftir því sem tók eru á, þó án þess að slaka á kröfum um vönduð vinnubrögð.

16. gr.

Form á þátttöku.

Lágmarksfjárhæð í einstökum verkefnum í formi hlutafjárþátttöku er 5 milljónir króna, þar sem þátttaka undir því marki er ekki líkleg til að standa undir kostnaði við skoðun og þátttöku sjóðsins í verkefninu. Heimilt er þó að víkja frá þessari upphæð við sérstakar aðstæður.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er reiðubúinn að taka hliðstæða fjárhagslega áhættu í þeim verkefnum sem hann tekur þátt í og samstarfsaðilar og væntir jafnframt hliðstæðrar arðsemi af þátttöku sinni.

V. KAFLI

Eftirfylgni fjárfestingar og sala hlutabréfa.

17. gr.

Eftirfylgni.

Fjárfestingu í hlutabréfum skal fylgja nán eftirfylgni gagnvart því fjármagni sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins leggur fram. Sjóðurinn skal jafnan gæta hagsmuna sinna í þeim fyrirtækjum sem fjármagn er lagt í með þátttöku í stjórn.

Stefnt skal að því að sá starfsmaður sem bar ábyrgð á vinnslu málsins taki í upphafi sæti í stjórn fyrirtækis sem fjárfest er í.

Þegar starfsmenn sjóðsins skortir þekkingu eða hafa ekki svigrúm í tíma til að taka sæti í stjórnnum einstakra fyrirtækja eða ef aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, skal leita til utanaðkomandi sérfræðinga á því sviði sem gagnast best viðkomandi fyrirtæki. Eftir sem áður skal stefnt að því að mjög náin tengsl séu á milli viðkomandi aðila og þess starfsmanns sjóðsins sem heldur utan um málefni viðkomandi fyrirtækis til þess að tryggja hagsmuni sjóðsins sem best.

Í skilmálum um verkefnafjármögnun, hluthafasamningi og lánsamningi skal sérstaklega kveðið á um rétt Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til að hafa eftirlit með nýtingu fjármagns sem sjóðurinn innir af hendi. Í hluthafasamningi og lánsamningi skal að auki kveðið á um rétt sjóðsins til áhrifa við ákvarðanir í hlutfalli við framlag. Kveða skal á um rétt til afturköllunar ógreiddra hlutfjár- eða lánsfjárloforða vegna vanefnda á hluthafasamningum og lánsamningum. Í skilmálum um verkefnafjármögnun skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf vegna verkefnis.

Í hluthafasamningi og lánsamningi er heimilt að semja um aukinn rétt Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til vaxta- og arðgreiðslna umfram samstarfsaðila.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal nýta afl atkvæða sinna í samræmi við hlutfjáreign með það að markmiði að vernda hagsmuni sjóðsins.

18. gr.

Sala hlutabréfa.

Stefnt skal að því að selja þau hlutabréf sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins eignast í einstökum félögum strax og viðunandi arðsemi fæst og eigi síðar en 10-15 árum eftir fjárfestinguna.

Við sölu koma einkum eftirfarandi leiðir til greina:

1. *Skráning félags á hlutabréfamarkaði.* Þegar félag sem sjóðurinn hefur fjárfest í er skráð á viðurkenndum hlutabréfamarkaði selur sjóðurinn eign sína í viðkomandi félagi enda fáist á þeim tíma viðunandi verð fyrir hlut sjóðsins að mati stjórnar. Þegar hlutur sjóðsins er seldur skal afskiptum hans af stjórn félagsins ljúka. Ekki er þó útilokað að sjóðurinn kjósi að eiga viðkomandi hlutabréf áfram að hluta eða öllu sem hluta af fjárvörslusafni sínu en mun þá ekki taka þátt í stjórn félagsins.
2. *Sala til annarra eigenda félagsins.* Í hluthafasamningi má kveða á um rétt annarra eigenda félagsins til að kaupa hlutabréf sjóðsins í félaginu. Slík ákvæði mega þó ekki hindra hann í að leita ætíð hagkvæmustu leiða til að selja fjárfestinguna í viðkomandi félagi með sem bestri ávöxtun.
3. *Sala til samkeppnisaðila.* Slík sala getur verið hagstæð fyrir sjóðinn, ef fyrirtækið hefur náð þeirri markaðshlutdeild sem þarf til að samkeppnisaðilum fyrirtækisins finnist hagrur í því að kaupa fyrirtækið.
4. *Sala til viðskiptaaðila fyrirtækisins.* Möguleikar á sölu til viðskiptaaðila fyrirtækisins er leið sem vert er að skoða á hverjum tíma. Slíkir aðilar kunna oft að eiga hagsmuna að gæta sem farið geta saman við hagsmuni sjóðsins hvað varðar sölu hlutabréfa í fyrirtækjum.
5. *Sala til fjársterkra aðila og/eða fjárfesta sem hafa arðsemi að leiðarljósi.* Slík sala gæti átt sér stað beint, eða í tengslum við kaup stjórnenda og/eða starfsmanna félagsins á hlut sjóðsins í félaginu.

Mikilvægt er fyrir Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins að meta við kaup á hlutabréfum í félagi hversu líklegt er að takist að selja bréfin aftur síðar og hver ofangreindra leiða er vænlegust. Þó að fjárfesting heppnist og félagið skili hagnaði nær fjárfestir á borð við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins ekki til sín arðsemi, nema með því að selja bréfin aftur. Það

hlýtur því einnig að ráðast af sölumöguleikum í framtíðinni hversu fýsileg hlutabréfakaupin eru í upphafi.

VI. KAFLI Rannsóknarverkefni.

19. gr.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins getur staðið að verkefnum er lúta að rannsóknum og úrbótum á umhverfi nýsköpunar. Til þeirra er heimilt að verja árlega sem nemur allt að 10% af söluhagnaði fjárfestinga liðins árs.

Sé um samstarfsverkefni að ræða geta slík verkefni verið unnin með mismunandi formi, þó koma þar einkum tvö form til greina:

1. Verktökusamstarf; þar sem sjóðurinn gerir samning við ákveðinn aðila um að halda utan um framkvæmd og útfærslu á skilgreindu verkefni. Í slíkum verkefnum er hlutverk sjóðsins fyrst og fremst að bera ábyrgð á verkefninu, sjá um fjármögnun þess, skipun verkefnisstjórnar og ábyrgð á starfi hennar.
2. Samstarfsverkefni með fleiri aðilum; þar sem þátttaka sjóðsins yrði öðru fremur í formi fjármögnunarþátttöku, þ.e. að leggja fram fjármuni og eiga fulltrúa í verkefnisstjórn.

Sem samstarfsaðila við verkefni má hugsa sér einstök fyrirtæki, fyrirtæki í hóp, samtök fyrirtækja, stofnanir, og ýmsa aðila er starfa á mennta- og rannsóknarsviði.

VII. KAFLI

Eigið fé.

20. gr.

Varðveisla stofnfjár.

Í árslok 2007, þegar liðin eru 10 ár frá stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, skal miða við að upphafleg krónutala stofnfjár sé óskert. Varðveisla stofnfjárins skal miðuð við vísitölu neysliverðs frá þeim tíma.

21. gr.

Afskriftareikningur.

Fyrir Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins skal halda afskriftareikning samkvæmt góðri reikningsskilavenju og eftir mati á áhættu þannig að efnahagsreikningurinn gefi á hverjum tíma sem raunhæfasta mynd af fjárhagsstöðunni. Samhliða ákvörðunum um hlutafjárþátttöku lánveitingar og ábyrgðir skal ákveða framlög á afskriftareikninginn. Fjárhæðirnar sem bætt er við afskriftareikninginn skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er að mati stjórnar.

Til verkefna Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar.

22. gr.

Afskriftamat.

Við mat á framlagi í afskriftareikning skal taka tillit til hvort um hlutafjárþátttöku eða lán er að ræða, tapshættu vegna atvinnugreina, fjárhagsstöðu samstarfsaðila og samninga að öðru leyti.

Við mat á afskriftum er Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins heimilt að miða við reynslu hliðstæðrar starfsemi hérlendis og í nágrannalöndum. Í þessu skyni skal vinna líkan sem m.a. sýnir endurheimtufæri hlutafjárþátttöku. Endurmeta skal framlög á afskriftareikning á sex mánaða fresti.

Hlutfé eða lán skal færa sem endanlega tapað þegar eitthvert eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt:

1. Við lok gjaldþrotaskipta.
2. Við skuldaeftirgjöf eða niðurfærslu hlutfjár eða skulda.
3. Þegar sjóðurinn hefur tekið ákvörðun um lok innheimtu.
4. Þegar ljóst má vera að eign eða krafa er endanlega töpuð.

23. gr.

Ávöxtun eigin fjár.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins leitar allra leiða til að ávaxta eigið fé sitt á sem árangursríkastan hátt og hámarka þannig árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins.

24. gr.

Fjárfestingarstefna.

Við ávöxtun eiginfjár, sem ekki er ráðstafað til fjárfestingarverkefna, skal gætt að eðlilegri áhættudreifingu í eignasamsetningu.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfestir einungis í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti.

Sjóðurinn fjárfestir ekki fyrir meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Þrátt fyrir þetta getur hann þó fjárfest fyrir allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Sjóðurinn fjárfestir ekki fyrir meira en 10% hlutfjár í einstökum hlutafélögum á almennum hlutabréfamarkaði og ekki fyrir meira en 25% hlutfjár í einstökum hlutabréfasjóðum.

Þannig samþykkt af stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins 13. janúar 2005.

Jón Steindór Valdimarsson.

Viðskiptaráðuneytinu, 31. janúar 2005.

Staðfest af viðskiptaráðherra,

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar er eign Mosfellsbæjar, undir yfirstjórn bæjarstjórnar.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita heitu vatni um veitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Veitusvæði hitaveitunnar er lögsagnarumdæmi Mosfellsbæjar. Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar en rekstrarstjórn hennar er falin forstöðumanni tækni- og umhverfissviðs. Bæjarráð Mosfellsbæjar er fagnefnd veitunnar.

5. gr.

Verkefni bæjarráðs er að:

- 1) Hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- 2) Gera tillögur að framkvæmdum hitaveitumála á veitusvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykktir og ákvæði sveitarstjórnarlaga.
- 3) Semja gjaldskrá fyrir veituna og leggja hana fyrir bæjarstjórn.
- 4) Undirbúa samninga um kaup og sölu á heitu vatni.
- 5) Semja fjárhagsáætlanir fyrir hitaveituna og leggja fyrir bæjarstjórn.
- 6) Gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir.
- 7) Semja nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggja þær fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

6. gr.

Forstöðumaður tækni- og umhverfissviðs Mosfellsbæjar er rekstrarstjóri hitaveitunnar. Rekstrarstjóri annast allan daglegan rekstur hennar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem bæjarstjórn gefur. Rekstrarstjóri situr fundi bæjarráðs þegar málefni veitunnar eru til meðferðar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Hitaveitan skal hafa sjálfstætt reikningshald. Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóðs og vera endurskoðaðir af endurskoðendum hans.

Tekjum hitaveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði þannig að tryggður sé öruggur rekstur veitunnar svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum tækninefndar.

Við gerð gjaldskrár skal þess gætt að verð á heitu vatni sé við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum nægjanlegt heitt vatn á hagkvæmu verði.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi.

Kaupandi heits vatns eða sá, sem ber ábyrgð á greiðslu þess nefnist notandi.

9. gr.

Heitt vatn er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá. Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra sölu-skilmála.

Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar.

Notkun bakrennslisvatns er heimil til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við hitaveitunntök, bakrennsli eða hitakerfi húsa nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

10. gr.

Hitaveitan skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting og hitastig í stofnæðum sé þess óskað.

11. gr.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni heita vatnsins eru án ábyrgðar hitaveitunnar. Um breytingar sem stafa af óviðráðanlegum ástæðum skal hitaveitan tilkynna notendum, svo fljótt sem unnt er.

12. gr.

Endursala á heitu vatni er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

III. KAFLI

Veitukerfi.

13. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifi-æðar, götuæðar og heimæðar og lagnir innanhúss að og með mæligrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis. Viðgerðir og tengingar sem hafa í för með sér röskun á vatnsrennsli, skal tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara, sjá þó ákvæði í 13. gr.

14. gr.

Húseiganda innan veitusvæðis hitaveitunnar þar sem veiturkerfi hitaveitunnar liggur, er skylt að láta tengja hús sitt við hitaveituna. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef til þess liggja sérstakar ástæður.

15. gr.

Hitaveitan annast tengingu eigin veitukerfis við húsveitu húseiganda. Við slíka framkvæmd skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa til fyrra horfs eins og við verður komið. Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds veitukerfisins.

16. gr.

Húseigandi greiðir stofngjald samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

17. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

Húseigandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

18. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga. Inntak hitaveitu og mælagrind skulu alltaf vera í sama herbergi og skal lögn að mælagrind vera óhulin eða í stokk, sem auðvelt er að opna.

19. gr.

Sé nauðsynlegt, vegna bilunar eða endurnýjunar á heimæð hitaveitu, að grafa upp heimæðina, er starfsmönnum hitaveitunnar það heimilt.

Starfsmenn skulu færa lóð til fyrra horfs, svo sem unnt er.

Hafi húseigandi (notandi) gróðursett trjágróður, steipt veggj eða plan yfir heimæðina, ellegar lagt yfir hana snjóbræðslukerfi, ber hitaveitan ekki ábyrgð á, eða greiðir skaðabætur, vegna þess tjóns, sem verða kann á þessum hlutum vegna nauðsynlegra aðgerða hitaveitunnar.

IV. KAFLI

Húsveitur og tenging þeirra.

20. gr.

Um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytingu á eldri kerfum gilda ákvæði byggingarreglugerðar. Áhleypingu (tengingu) skal sækja um til hitaveitunnar um leið og greitt er fyrir hitaveituinntak. Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa. Hitaveitunni er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrindur og/eða annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfali í gólfi og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitu.

21. gr.

Alltaf skal vera sjálfstæð heimæð og/eða rennismælir fyrir hverja íbúð í raðhúsum og parhúsum, sem og fjölbýlishúsum þar sem eru 6 íbúðir eða færri í húsinu.

22. gr.

Uppdrættir skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa. Ennfremur skal uppfylla ákvæði byggingarsamþykktar og byggingarskilmála.

Samþykki hitaveitunnar á tengingu húsveitu við veitukerfi sitt og/eða úttekt felur ekki í sér ábyrgð á hugsanlegum ágöllum við hönnun, gerð eða frágang húsveitunnar.

Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdrætti eða annast hitalagnir hafa þeir einir, er til þess hafa menntun og réttindi eins og almennt er krafist. Bæjarstjórn getur sett nánari fyrirmæli og reglur og um slík réttindi á veitusvæði sínu.

Þeir aðilar, sem réttindi hafa til hönnunar og lagningar hitakerfa sbr. hér að framan, bera ábyrgð á því að verk þeirra sé í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli er kunna að verða gefin og samþykktar uppdrætti. Um meistaraskipti fer samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

23. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga ætíð rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er til athugunar á öryggi þeirra þ.m.t. tækja, til athugunar á mælitækjum og hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá, til álestrar á mælitæki, til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr því verður bætt. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

24. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar, án heimildar getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

25. gr.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af þeirra völdum.

V. KAFLI

Skilmálar fyrir heitavatnssölu.

26. gr.

Upphaf og lok samningsins um kaup á heitu vatni eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

27. gr.

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartuflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar. Þurfi að takmarka notkun á heitu vatni um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvernig hún skuli takmörkuð.

Takmörkunin hefir ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflgjalds eða mæligjalds).

Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur eða veita afslátt vegna takmörkunar á afhendingu vatns og/eða lækkunar á hitastigi.

28. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð rennslismæla og skulu þeir innsiglaðir. Starfsmenn hitaveitunnar innsigla mælana.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef notandi óskar að mælir sér prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við prófun að um meira en 5% skekkju í mælingu er að ræða skal hitaveitan setja upp nýjan mæli, án endurgjalds og leiðréttá reikning kaupanda við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði, nema kaupandi eða hitaveita, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

29. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni fyrir heitt vatn samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um vatnsnotkun kaupanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun. Reikningar sem byggjast á staðreyndri vatnsnotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri vatnsnotkun nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega vatnsnotkun skal staðreyna að jafnaði eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar vatnsnotkun hefir verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabil milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan óskað aukaálestra og uppgjörs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um vatnsnotkun vegna nýrra forsendna.

Ef mælir bilar eða vatnskaup eru leyfð tímabundið án mælis, áætlar hitaveitan selt vatnsmagn með hliðsjón af hitaþörf hússins, og ber húseiganda/notanda að greiða samkvæmt þeirri áætlun.

Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Útsending heitavatnsreikninga skal fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Hitaveitan hefur heimild til að skipta reikningi vegna vatnskaupa, fleiri en eins notanda, um einn mæli. Skal þá miðað við stærðarhlutfall hverrar eignar í rúmmetrum, af heildarstærð komandi húss, nema fullt skriflegt samkomulag sé milli allra aðila, sem hlut eiga að máli, um aðra skiptingu. Sé það gert bera kaupendur um þann mæli allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á greiðslu hvers reiknings. Verði vanskil á greiðslu eins eða fleiri reikninga er hitaveitunni heimilt að stöðva vatnsafhendingu um hinn sameiginlega mæli samanber 1. mgr. 31. gr. Setji notandi á sameiginlegum mæli upp hjá sér einhvern þann búnað sem hefur í för með sér aukna heitavatnsnotkun, umfram það sem teljast má eðlileg heimilisnotkun, hefur hitaveitan heimild til að setja á slíkan búnað sérstakan mæli. Þetta gildir t.d. um snjóbræðslukerfi, heita potta, gróðurhús og sundlaugar. Verði greiðslufall á reikningi hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, má hitaveitan reikna dráttarvexti frá gjalddaga reiknings hverju sinni.

30. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu á heitu vatni til húsveitu (mælis) kaupanda, sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri viðvörun, sem sendist kaupanda sem eigi skal vera skemmri en með þriggja daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Hitaveitan hefur rétt til að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun vatnsafhendingar, framkvæmd stöðvunarinnar, svo og opnun veitunnar á ný.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega vatnsnotkun.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla það vatn sem notað var óleyfilega. Að öðru leyti skal fara með mál út af slíku í samræmi við 34. og 35. grein þessara reglugerðar.

31. gr.

Nú vanrækir húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

32. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með fjárnámi.

33. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

34. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

35. gr.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri reglugerð nr. 959 frá 20. desember 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Sauðárkrókshöfn, Hofsóshöfn og Haganesvíkurhöfn.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Sauðárkrókshöfn, Hofsóshöfn og Haganesvíkurhöfn er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að hafnirnar geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 9,12 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftan en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip og skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju kr. 4,16 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 50,82 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.550 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiða þó aldrei lægra en kr. 4.360 á mánuði. Undanþegin greiðslu bryggjugjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki frekari þjónustu.

Árgjald báta 0-20 brt. kr. 32.270.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olfa, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur til eyðingar.

9. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og hér segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 167,60 fyrir hvert tonn:

Kol, laust korn, salt, vikur, sandur, kísilgúr, benzín, brennsluolúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald kr. 307,28 fyrir hvert tonn:

Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald kr. 348,37 fyrir hvert tonn:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolúr, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingarframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

4. fl.: Gjald 1,6%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 4.000 fyrir hvert tonn.

Lágmark í öllum flokkum er kr. 115.

Leiga á gámasvæði.

11. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi (gáma og báta):

Geymsla á malbikuðu svæði pr. fermetra, kr. 65.

Sorphirða.

12. gr.

Öll skip er koma til hafnar greiði kr. 2.000 í hvert skipti, losi skipið sig við sorp.

Bátar og trillur greiði kr. 800 á ári.

Hafnsögugjöld.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi kr 8.910 fyrir hvert skip. Fyrir leiðsögu frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.

Þjónusta hafnsögubáts.

14. gr.

Fyrir flutning á hafnsögumanni greiðist kr. 10.030.

Festargjöld.

15. gr.

Festargjald dagvinna kr. 4.910.

Festargjald næturvinna kr. 8.950.

Festargjöld stórhátíðarvinna kr. 10.005.

Þegar skip leggur að bryggju skal starfsmaður hafnarinnar taka á móti því, en þó er heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

Vatnssala.

16. gr.

Vatnsgjald:

Kalt vatn til skipa kr 155 á m³.

Lágmarksgjald miðað við 10 m³.

Útkall milli kl. 17.00 og 08.00 virka daga svo og um helgar og helgidaga, greiðist sérstaklega kr. 2.110 pr. klst.

Rafmagnssala.

17. gr.

Rafmagn:

Sauðárkrókshöfn kr. 6,93 á kwst.

Hofsóshöfn kr. 8,51 á kwst.

Tengigjald kr. 1.240.

Tengigjald í smábátadokk kr. 500 í hvert skipti.

Mælaskott skilagjald kr. 25.000.

Útkall milli kl. 17.00 og 08.00 virka daga svo og um helgar og helgidaga, greiðist sérstaklega kr. 2.110 pr. klst.

Vigtargjald.

18. gr.

Vigtargjöld:

Vigtun á sjávarfangi kr. 89 á tonn.

Öll almenn vigtun kr. 125 á tonn.

Einstök vigtun kr. 900.

Vigtun á afla smábáta undir 50 brt. er kr. 1.166 í dagvinnu hvert eitt skipti.

Úrtaksvigtun. Af sjávarafla frystitogara eða öðrum þeim skipum er frumlanda sjávarfangi í Sauðárkrókshöfn skal greiða skráningargjald sem er kr. 89 á landað tonn ef skráð er í Lóðs, kerfi Fiskistofu.

Útkall milli kl. 17.00 og 08.00 virka daga svo og um helgar og helgidaga, greiðist sérstaklega kr. 2.100 pr. klst.

Hafnavernd.

19. gr.

Gjald vegna hafnaverndar er eftirfarandi.

Öryggisgjald (fastagjald) kr. 18.000.

Öryggisgæsla:

a) dagvinna kr. 2.500.

b) næturvinna kr. 4.500.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

20. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu sveitarfélagsins. Heimilt er að leita samþykkis skrifstofunnar til notkunar greiðslu-miðlunar við uppgjör skulda.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

21. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnarsjóðs Skagafjarðar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskríteinu skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skríteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt færðar sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema um annað sé sérstaklega samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingafé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnarlaga nr. 61/2003. Hafnarsjóði Skagafjarðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Skagafjarðar er samþykkt af samgöngunefnd 21. janúar 2005 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Skagafjarðar frá 21. september 2004.

Sauðárkróki, 1. febrúar 2005.

Ársæll Guðmundsson hafnarstjóri.

AUGLÝSING**um samþykktir fyrir Tryggingasjóð sparisjóða.**

Nýjar samþykktir fyrir Tryggingasjóð sparisjóða, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, voru settar á aðalfundi Tryggingasjóðs sparisjóða 10. mars 2000, með viðauka 6. október 2001, 4. október 2003 og 15. október 2004, samkvæmt heimild í 19. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta og staðfestar í viðskiptaráðuneytinu 2. febrúar 2005. Samþykktirnar öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 2. febrúar 2005.

F. h. r.

Benedikt Árnason.

Þóra M. Hjaltsted.

Fylgiskjal.**Samþykktir fyrir Tryggingasjóð sparisjóða.****1. gr.**

Tryggingasjóður sparisjóða (hér eftir nefndur Tryggingasjóður) er sjálfseignarstofnun. Tryggingasjóður starfar á grundvelli laga nr. 98/1999.

Allir sparisjóðir skulu vera aðilar að Tryggingasjóði. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tryggingasjóður hefur það meginhlutverk að tryggja hagsmuni viðskiptamanna sparisjóða og í því skyni fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu og slit sparisjóða sbr. nánari ákvæði laga nr. 98/1999.

3. gr.

Til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og í því skyni fjárhagslegt öryggi sparisjóða sbr. 2. gr. er stjórn Tryggingasjóðs heimilt:

- a) að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir hans,
- b) að ganga í ábyrgðir fyrir sparisjóð,

- c) að bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir,
- d) að veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn sjóðsins ákveður í samræmi við ákvæði laga nr. 98/1999 og samþykktir þessar,
- e) að veita sparisjóði víkjandi lán.

Í framangreindu skyni er Tryggingasjóði heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs.

4. gr.

Aðalfundur Tryggingasjóðs fer með æðsta vald í málefnum hans. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut sinn í heildareignum sparisjóða næstliðið ár fyrir aðalfund.

Atkvæðisréttur sparisjóðs skal vera í höndum þess fulltrúa er sparisjóðurinn tilnefdir til þess að fara með atkvæði sjóðsins á aðalfundi.

Aðalfund skal halda fyrir lok október ár hvert. Aukafund skal halda ef sparisjóðir, sem fara með minnst 1/3 hluta atkvæðamagns, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Aukafundi skal annars halda þegar stjórn Tryggingasjóðs telur þess þörf. Aðal- og aukafundi skal boða með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins.

Hver sparisjóður á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar Tryggingasjóðs með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

5. gr.

Formaður stjórnar Tryggingasjóðs setur aðalfund og stýrir kjöri fundarstjóra. Haldin skal gerðabók um það sem gerist á aðalfundum.

Á aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

- a) skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
- b) staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi,
- c) kosningu stjórnar sbr. 6. gr. og löggilts endurskoðanda,
- d) þóknun stjórnarmanna að fengnum tillögum stjórnar,
- e) önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt samþykktum þessum eða stjórn sjóðsins ákveður að leggja fyrir fundinn.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum.

6. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs skipa fimm menn. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum vara-mönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Fimmti stjórnarmaðurinn er tilnefndur af ráðherra og er hann tilnefndur til þriggja ára í senn í samræmi við lög nr. 98/1999.

Stjórn Tryggingasjóðs kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórn Tryggingasjóðs heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnar-maður óskar þess.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Haldin skal gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórnarmaður, sem er vanhæfur til meðferðar máls, sbr. 55. gr. laga nr. 161/2002, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess. Formaður stjórnar skal boða fulltrúa fjármálaeftirlitsins til stjórnarfundar þegar ástæða þykir til. Fulltrúi fjármálaeftirlitsins situr fundi með málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda.

Verkefni stjórnarinnar eru m.a. eftirfarandi:

1. gera tillögu um árgjald sparisjóða til Tryggingasjóðs og sjá um innheimtu á því,
2. taka ákvarðanir um meginstefnu í ávöxtun á fé sjóðsins,
3. taka ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum,
4. semja ársreikning,
5. ákveða hámark á hlutfall arðgreiðslu sparisjóða,
6. taka ákvarðanir sem snerta starfsemi Tryggingasjóðs að öðru leyti en talið er upp í tölulíðum 1-5 hér að framan.

8. gr.

Framlög sparisjóða til Tryggingasjóðs skulu ákveðin á aðalfundi hans ár hvert og skal hlutfallsleg skipting árgjalds einstakra sparisjóða taka mið af sömu reiknireglu og gildir um árgjöld til Sambands íslenskra sparisjóða hverju sinni. Framlög sparisjóðanna skulu að hámarki nema 50 millj. kr. á ári og taki sú fjárhæð mið af hækkun vísitölu neysluverðs frá dagsetningu samþykktar þessara. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

9. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs ákveður í hverju einstöku tilviki þau skilyrði sem sett eru fyrir lánum, yfirtöku eigna, ábyrgðum, bótum v/sérstakra tapa eða kostnaðar sem sparisjóður verður fyrir, innlánnum eða annars konar stuðningi við sparisjóð, sbr. 3. gr.

Sparisjóður er nýtur stuðnings frá Tryggingasjóði er skuldbundinn til að hlíta skilyrðum varðandi stjórnun og rekstur sparisjóðsins er stjórn Tryggingasjóðs kann að setja fyrir aðstoð samkvæmt 1. mgr. Þá skal sparisjóðurinn gefa stjórn Tryggingasjóðs reglubundnar skýrslur um stöðu sparisjóðsins og starfsemi allt samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Tryggingasjóðs.

10. gr.

Nýr sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 1/7 af hlutfalli hans í samanlögðum eignum Tryggingasjóðs miðað við innborgunarreglu 8. gr. Auk þess leggur hlutadeigandi sparisjóður fram ábyrgðar-yfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og hlutfalli.

Nú uppfyllir sparisjóður eða útibú ekki skyldur sínar gagnvart Tryggingasjóði samkvæmt lögum nr. 98/1999 og/eða samþykktum þessum og skal þá stjórn Tryggingasjóðs tilkynna það ráðherra án tafar.

11. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingasjóðs skal við það miðuð, að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. A.m.k. 1/4 hluti af fé sjóðsins skal bundinn í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs.

12. gr.

Reikningsár Tryggingasjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Um ársreikning og endurskoðun fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

13. gr.

Heimilt er að veita stjórn Tryggingasjóðs þær upplýsingar sem getið er um í 86. gr. laga nr. 161/2002.

14. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs ræður sjóðnum framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri Tryggingasjóðs og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða sitja fundi stjórnar Tryggingasjóðs og hafa þar bæði málfrelsi og tillögurétt.

15. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs og starfmenn eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við 58. gr. laga nr. 161/2002.

16. gr.

Til breytingar á samþykktum þessum þarf jáyrði þeirra er fara með 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Til breytinga á 2. ml. 8. gr. samþykktanna þarf þó jáyrði allra greiddra atkvæða. Breytingin tekur ekki gildi fyrir en hún hefur hlotið staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn fjármálaeftirlitsins.

17. gr.

Samþykktir þessar, sem eru settar af aukafundi Tryggingasjóðs sparisjóða 10. mars 2000 samkvæmt heimild í 19. gr. laga nr. 98/1999 með viðauka 6. október 2001, 4. október 2003 og 15. október 2004.

Viðskiptaráðuneytinu, 2. febrúar 2005.

F. h. r.

Benedikt Árnason.

Póra M. Hjaltested.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir Ísafjarðar.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir Ísafjarðar og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs, ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald 9,24 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftast en tvisvar í mánuði. Undanþegin eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 2,25 kr. á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, 61,36 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 6.812 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 brt. greiði þó aldrei lægra en 4.446 kr. á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. flokkur 173,16 kr. á tonn.
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. flokkur 333,42 kr. á tonn.
Lýsi og fiskimjöl.
3. flokkur 360,05 kr. á tonn.
 - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
 - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir.
Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

4. flokkur aflagjald 1,4%.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnar sjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkv. 4. flokki	3.744 kr. fyrir hvert tonn.
Lágmarksgjald í öllum flokkum	135 kr.

Farþegagjöld.

7. gr.

Fyrir hvern fullorðinn með farþegabátum	110 kr.
Fyrir hvert barn með farþegabátum	55 kr.

Siglingarvernd (ISPS).

8. gr.

Öryggisgjald fyrir skip sem falla undir skilgreiningu hafnverndar	25.000 kr. á komu
Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í dagvinnu	2.500 kr. á klst.
Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í yfirvinnu	4.500 kr. á klst.

Þjónustugjaldskrá.

9. gr.

Rafmagn.

Rafmagnssala til skipa með 25% afslætti	6,60 kr. á kwst.
Rafmagnssala til annarra	7,26 kr. á kwst.
Rafmagnsmælar fyrir smábáta	33.280 kr.
Rafmagnstengigjald í dagvinnu	1.395 kr.
Rafmagnstengigjald í yfirvinnu	4.180 kr.

Rafmagnsgjöld breytast án fyrirvara samkv. breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

10. gr.

Hafnsaga.

Hafnsögugjald	3,46 kr. á mælieiningu
Leiðsögn til og frá höfn	3.700 kr.
Hafnsöguþjófur, skip sem nota hafnsögumann	525 kr.

Hafnsögugjöld skulu greidd fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi 1.850 kr. fyrir hvert skip, auk 3,46 kr. á mælieiningu (mestu brúttóstærð). Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálfð hafnsögugjald.

11. gr.

Leigugjöld.

Leiga á gámvöllum svæði A	50 kr. hver fermetri á mánuði
Leiga á gámvöllum svæði B	30 kr. hver fermetri á mánuði
Leiga á gámvöllum án skips	100 kr. hver fermetri á mánuði
Leiga á kranalykli	2.000 kr.
Leiga á hjólaskóflu	5.150 kr. á klst.
Leiga á flotgirðingu	5.150 kr. á klst.

12. gr.

Hafnsögubátur.

Fyrir hverja byrjaða klst. á innri höfn	7.450 kr.
Fyrir eina ferð með hafnsögumann	7.450 kr.
Fyrir hverja byrjaða klst. utan innri hafnar	16.360 kr.
Fyrir björgun, slef eða aðstoð við skip og báta á klst.	16.360 kr.

13. gr.

Vatnsgjald.

Vatn fyrir báta undir 15 brt.	820 kr. á mánuði
Vatn fyrir báta 15-30 brt.	1.650 kr. á mánuði
Kalt vatn afgreitt til skipa yfir 30 brt.	170 kr./m ³
Vatn afgreitt utan reglubundins vinnutíma	3.068 kr. fyrir útkall
Vatn til skemmtiferðaskipa	USD 2.00 á tonn

14. gr.

Móttaka skipa.

Festagjöld fyrir hvern starfsmann í dagvinnu	5.545 kr.
Festagjöld fyrir hvern starfsmann í yfirvinnu	8.530 kr.

Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

15. gr.

Sorphirðugjald.

Bátar að 20 brt.	995 kr. á mánuði
Bátar 21-30 brt.	1.460 kr. á mánuði
Bátar yfir 30 brt.	2.910 kr. á mánuði
Fyrir hverja komu í höfn	520 kr.
Móttaka á sorpi lágmarksgjald	1.555 kr.

16. gr.

Vogargjöld.

Almenn vigtun	90 kr. á tonn
Flutningabílar og skoðun á bílavog	985 kr. á skipti
Lágmarksgjald	440 kr.
Útkall við vigtun í yfirvinnu	2.000 kr.

17. gr.

Viðlegugjöld.

Bátar undir 20 brt.	4.450 kr. á mánuði
Bátar yfir 20 brt.	6.820 kr. á mánuði
Bátar undir 20 brt. fast legupláss	5.650 kr. á mánuði
Bátar yfir 20 brt. fast legupláss	8.800 kr. á mánuði
Daggjald bátar undir 20 brt.	1.190 kr. á mánuði
Daggjald bátar yfir 20 brt.	1.671 kr. á mánuði
Skip yfir 80 brt.	61,36 kr. á brt. á mánuði
Uppsátursgjald	1.590 kr. á mánuði

18. gr.

Skráningargjald og önnur gjöld.

Skráning í Lóðsinn á afla vegna fyrirtækja með endurvigtunarleyfi	0,22 kr. á kg
Kranagjald, löndun með hafnarkrana	245 kr. á tonn
Úrtaksvigtunargjald fyrir löndun úr frystiskipum	89,40 kr. á tonn

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

19. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

20. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningar-skírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjöld greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörunar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörunar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt af afhenda vörunar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

22. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari, nema á farþegagjöld skv. 7. gr. og þjónustu við erlend skip, er lagður 24,5% virðisaukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

IV. KAFLI

Gildistaka.

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Ísafjarðar er samþykkt af hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar 9. nóvember 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 til þess að öðlast þegar gildi.

Hafnarstjórinn á Ísafirði, 31. janúar 2005.

Guðmundur M. Kristjánsson.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2005
um lofthæfifyrirmæli.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og til ákvæða reglugerðar nr. 326/2000 um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands, hefur Flugmálastjórn ákveðið að allir umráðendur loftfara, skráðra á Íslandi, skuli tryggja sér aðgengi að og fylgja lofthæfifyrirmælum (Airworthiness Directives) frá því ríki/ríkjum sem loftfarið er hannað í (State of Design) og eða ríki/ríkjum, sem gefa út tegundarskírteini (State of Type Certificate Holder). Þó ber að fylgja útgáfum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) þegar þær verða til. Ákvörðun þessari til grundvallar liggja ákvæði c-liðar 2. mgr. 20. gr., 2. mgr. 22. gr. og 26. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Hún kemur í stað ákvörðunar nr. 2/2000, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 815/2000 sem fellur úr gildi.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. febrúar 2005.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2005
um kóðun neyðarsenda á tíðninni 406 Mhz.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og til ákvæða reglugerðar nr. 326/2000 um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands, hefur Flugmálastjórn ákveðið að allir neyðarsendar á tíðninni 406 Mhz í loftförum skráðum á Íslandi skuli kóðaðir samkvæmt sérstökum reglum.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Hún kemur í stað ákvörðunar nr. 4/2003, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1048/2003 sem fellur úr gildi.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. febrúar 2005.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grindavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkur, þann 9. febrúar 2005, samþykkt deiliskipulag Norðurhverfis í Grindavík.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Víkurbraut til austurs og Austurvegi til norðurs og gerir ráð fyrir íbúðabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Grindavíkur, 14. febrúar 2005.

Guðni Þór Gunnarsson, byggingarfulltrúi Grindavíkur.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Víðigrund I og II í Mosfellsdal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar, hefur á fundi sínum þann 8. desember 2004, samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Víðigrund I og II, sem er hluti af deiliskipulagi fyrir Laugabólslund, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Breytingin felst í því að innbyrðis stærð lóðanna hefur verið breytt, jafnframt því sem heimilt er að á hvora lóð komi eitt íbúðarhús. Aðkomuvegi er breytt til samræmis við breytingar á lóðarmörkum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 11. febrúar 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. apríl 2003 tillögu að deiliskipulagi á lóð Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 24. febrúar 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 24. janúar 2003 til og með 26. febrúar 2003 með athugasemdafresti til og með 12. mars 2003.

Uppdrættir og greinargerð fyrir tillögunu hlutu þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 16. febrúar 2005.

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjald í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Af öllum lóðum, nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Vestmannaeyjum, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum, skal greiða gatnagerðargjald eftir því sem nánar segir til um í gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.

Tekjum sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda skal varið til gatnagerðar í Vestmannaeyjum, og til þess að gera sveitarfélaginu kleift að bjóða byggingarhæfar leigulóðir í sveitarfélaginu. Undir gatnagerð fellur kostnaður við umferðarmannvirki með tilheyrandi lögnum fráveitu, ásamt götulýsingu, lagningu bundins slitlags, gangstéttum, umferðareyjum, gangstígum, opnum svæðum og leiksvæðum.

3. gr.

Gatnagerðargjald er annars vegar vegna lóða sem ekki hefur verið veitt byggingarleyfi fyrir áður við gildistöku þessarar gjaldskrár, þ.e. nýjar lóðir, og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði á þegar byggðum lóðum við gildistöku gjaldskrárinnar, þ.e. eldri lóðir.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m³ vísitöluhússins eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

- | | |
|---|------|
| a. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu | 4,5% |
| b. Önnur íbúðarhús (par-/raðhús, tvíbýlishús, fjölbýlishús að 6 íbúðum) | 3,0% |
| c. Fjölbýlishús (6 íbúðir eða fleiri) | 1,5% |
| d. Verslunar- og skrifstofubyggingar | 3,0% |
| e. Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði | 3,0% |

f.	Opinberar byggingar	3,0%
g.	Kjallarar og bifreiðargeymslur sem ekki eru notuð til íbúðar	1,0%
h.	Sólstofur og garðhús, innangengt úr íbúðum	1,0%
i.	Byggingar með takmörkuðum afnotatíma eða bráðabirgðaleyfi s.s. mannvirki sem hafa stöðuleyfi	1,0%
j.	Sá hluti húsnæðis sem er undir 1,80 m lofthæð	1,0%

Við útreikning rúmmáls íbúðarhúsa skal stuðst við 2,7 m meðalhæð frá gólfi, nema uppdrættir og skráningartafla sýni lægri lofthæð. Varðandi rúmmál iðnaðar- og atvinnuhúsnæðis skal stuðst við 3,3 m meðalhæð frá gólfi, nema uppdrættir og skráningartafla sýni lægri lofthæð.

Framangreindar reglur gilda einnig um viðbyggingar húsa, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Ef lóðarhafi/húseigandi rífur gamalt hús skv. liðum a-h í 3. gr., eða flytur af lóð og byggir stærra hús á sömu lóð skal greiða fyrir það rúmmál sem er umfram rúmmál eldra húss, enda sé byggt á lóðinni innan tveggja ára.

Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt á sömu lóð. Ekki verður rúmmetragjald endurgreitt ef nýja húsið er minna en eldra húsið. Þegar hús er flutt af lóð yfir á aðra skal greiða af því gatnagerðargjald á hinn nýju lóð.

5. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færast í hærri gjaldflokk skv. þessari gjaldskrá, þá skal húseigandi/lóðarhafi greiða mismun gatnagerðargjalds af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Ef húseign færast hinsvegar í lægri gjaldflokk við breytingu, á húseigandi/lóðarhafi ekki rétt á endurgreiðslu.

6. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. skal greiða innan eins mánaðar frá veitingu byggingarleyfis í bæjarstjórn, en þó áður en framkvæmdir hefjast, ella öðlast byggingarleyfið ekki gildi.

Bæjarráði er heimilt að veita afslátt og/eða rýmri gjaldfrest, þegar um er að ræða fasteignir þeirra aðila sem njóta ívilnunar í fasteignaskatti, sbr. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Ef veittur er sérstakur frestur/afsláttur á greiðslu gjaldsins sbr. 8. gr. skal gera um það skriflegan greiðslusamning.

7. gr.

Segi byggingarleyfishafi/lóðarhafi sig frá byggingarleyfi, skal það gert skriflega og skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, með verðbótum miðað við byggingarvísitölu, tveimur mánuðum eftir samþykkt bæjarstjórnar á niðurfellingu leyfisins.

Sama gildir um byggingarleyfi sem fellur úr gildi þegar byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar innan tilskilins byggingarfrests.

Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skila úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu gatnagerðargjalds.

8. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingarfalli ekki undir ákvæði samþykktar þessarar.

Bæjarstjórn getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi samkvæmt sérstökum greiðslusamningi sem kveður á um skilmála og greiðslukjör.

Bæjarstjórn getur ákveðið að veita lóðir með sérstökum skilmálum til að greiða fyrir því að á þeim verði byggt, ef þær eru verulega erfiðari og dýrari til byggingar en almennt gerist.

Ef sérstök ástæða er til, getur bæjarstjórn ákveðið annað gatnagerðargjald og greiðsluskilmála á einstökum svæðum, t.d. í sambandi við ný byggingarsvæði eða endurbyggingu svæða samkvæmt nýju skipulagi.

9. gr.

Bæjarráð getur gefið gjaldfrest, lækkað eða fellt niður öll gjöld af húsum ellilífeyrisþega eða öryrkja, ef aðstæður eru bágar.

Ef um gjaldfrest er að ræða, miðast gatnagerðargjaldið við þá vísitölu sem í gildi er þegar gjaldið er innheimt.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og ásamt vöxtum með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði sem og váttryggingarfjár eignarinnar. Aðför er heimil til fullnustu gjalda þessara samkvæmt 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Bæjarstjórn sker úr ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt samþykkt þessari.

11. gr.

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Vestmannaeyjabæ fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld sem bæjaryfirvöld hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðar-eigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu sbr. 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 17/1996 nema aðilar séu um annað sáttir.

12. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 27. janúar 2005, og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17/1996 og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut kunna að eiga að máli.

Vestmannaeyjum, 8. febrúar 2005.

Bergur Elías Ágústsson bæjarstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Guðlaug Bergmann.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Guðlaug Bergmann og er stofnaður til minningar um Guðlaug Bergmann framkvæmdastjóra og frumkvöðul sem fæddur var 20. október 1938 og lést þann 27. desember 2004.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja verkefni í umhverfis- og samfélagsmálum sem byggð eru á grunni sjálfbærrar þróunar.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru eftirlifandi eiginkona Guðlaugs Bergmann og synir hans:

Nafn:	Kennitala:
Guðrún G. Bergmann	251050-2799
Guðlaugur Bergmann yngri	171179-5999
Guðjón Bergmann	241272-3246
Daníel Magnús Guðlaugsson	120765-3459
Ólafur Gunnar Guðlaugsson	060164-3209
Ragnar Guðlaugsson	090158-2879

Stofnendur reiða fram upphaflegan höfuðstól sjóðsins.

4. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er að Brekkustíg 1 (Sólbrekku), Hellnum, Snæfellsbæ.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er 625.000 krónur –sexhundraðtuttuguogfimmþúsundkrónur00/100–. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða, en veita má styrki úr honum af vaxtatekjum eða öðrum tekjum sem sjóðnum áskotnast.

6. gr.

Sjóðurinn er í umsjá sjóðsstjórnar sem ber ábyrgð á honum. Efla skal sjóðinn með vöxtum stofnfjár og gjöfum, áheitum, styrktarframlögum eða öðrum tekjum sem sjóðnum kunna að berast. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að velja bestu ávöxtunarleiðir fyrir fjármuni sjóðsins hverju sinni.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins byggir á gjöfum stofnenda og annarra til minningar um Guðlaug Bergmann, sem vann ötullega og opinberlega að umhverfismálum í anda sjálfbærrar þróunar allt frá árinu 1995.

8. gr.

Sjóðurinn mun starfa ótímabundið frá stofndegi sem er 1. janúar 2005.

9. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir styrki úr sjóðnum, þegar hún telur ljóst að tekjur sjóðsins séu nægar til að hægt sé að veita styrk að þeirri fjárhæð að styrkurinn komi væntanlegum styrkþegum að notum.

10. gr.

Sjóðsstjórn skipa þrjár aðilar sem skulu í upphafi tilnefndir af stofnendum sjóðsins. Sjóðsstjórn er tilnefnd til tveggja ára í senn. Stjórn sjóðsins tilnefnir síðan áfram stjórnendur.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á framkvæmd allri og fjárreiðum og hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda og leggja þá fram á aðalfundi sjóðsins.

12. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki sjóðsstjórnar, né skipulagsskrá hans breytt. Verði sjóðurinn lagður niður skulu fjármunir hans renna til umhverfismála eftir ákvörðun stjórnar og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. febrúar 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
199	7. feb.	Auglýsing um skrá Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 5.- 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	233-234
200	31. jan.	Samþykkt um fráveitu í Rangárþingi eystra	234-237
201	31. jan.	Starfsreglur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins	238-247
202	3. feb.	Reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar	247-253
203	1. feb.	Gjaldskrá fyrir Sauðárkrókshöfn, Hofsóshöfn og Haganesvíkurhöfn	253-258
204	2. feb.	Auglýsing um samþykktir fyrir Tryggingasjóð sparisjóða.....	258-261
205	31. jan.	Gjaldskrá fyrir hafnir Ísafjarðar	261-266
206	4. feb.	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2005 um lofthæfifyrirmæli	266
207	4. feb.	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2005 um kóðun neyðarsenda á tíðninni 406 Mhz.....	266-267
208	14. feb.	Auglýsing um deiliskipulag í Grindavík	267
209	11. feb.	Auglýsing um skipulagsmál í Mosfellsbæ	267
210	16. feb.	Auglýsing um deiliskipulag lóðar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi	268
211	8. feb.	Gjaldskrá um gatnagerðargjald í Vestmannaeyjum	268-270
212	14. feb.	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Guðlaug Bergmann.....	270-272

